

## Minnisblað til fjárlaganefndar Alþingis

### um fjárframlög úr ríkissjóði árið 2025 til endurreisnar kræklingaræktar á Íslandi

Þegar ræktun á krækling (bláskel) hófst fyrir alvöru á Íslandi upp úr aldamótum voru miklar vonir bundnar við greinina sem var talin geta skapað milljarða í útflutningstekjur og styrkja stoðir fjölbreytts atvinnulífs víða um land enda er ræktun á krækling sjálfbær og umhverfisvæn framleiðsla á hágæða fæðuþróteini sem eru eftirsótt matvæli víða um heim. Við strandsvæði Íslands eru einnig kjöraðstæður til ræktunar á krækling vegna hreinleika sjávar og mikillar framleiðslu smápörunga sem kræklingur nærast á. Stjórnvöld þess tíma sáu tækifærin sem felast í atvinnugreininni, skipuð var nefnd til að vinna að framgöngu og uppbyggingu greinarinnar og lög voru sett um starfsemina árið 2011 sem lög um skeldýrarækt nr. 90/2011. Á þessum upphafsárum var litið á ræktun skeldýra sem nýsköpunargrein sem njóta þyrfti opinbers stuðnings til uppbygginar. Þrátt fyrir slík sjónarmið í upphafi og þau tækifæri sem í boði voru til að byggja upp arðbæra og sjálfbæra atvinnugrein matvælaframleiðslu lagðist ræktun á krækling endanlega af árið 2022, eftir viðvarandi og stöðuga hnignun áratuginn áður vegna þeirra kvaða og hindrana sem lagðar voru á greinina frá upphafi án þess að úr þeim hafi verið bætt.

Frá því að kræklingarækt lagðist af á Íslandi árið 2022 hefur það orðið sífellt háværi umræða í samfélaginu undanfarin misseri að endurvekja kræklingarækt og byggja upp sem atvinnugrein og að stjórnvöld bregðist við þeim takmörkunum sem hindruðu uppbyggingu greinarinnar á sínum tíma.<sup>1</sup> Hafa greinar verið ritaðar um þetta málefni og þingmenn vakið máls á örlögum kræklingaræktar innan og utan þings<sup>2</sup> og lögðu þingmenn Framsóknarflokks í þeim efnum fram beiðni um skýrslu matvælaráðherra um málefni skeldýraræktar og framtíðarsýn í mars síðastliðinum<sup>3</sup> sem matvælaráðherra svaraði efnislega og birti fyrir þingheim 6. september. Í skýrslu ráðherra um framtíðarsýn greinarinnar kemur fram að fyrirhugað er að ráðuneytið muni standa fyrir stefnumótun skeldýraræktar í tengslum við nýtingu þangs og þara og virðist ráðherra taka undir þau sjónarmið að skeldýrarækt sé góð viðbót við aðra haftengda starfsemi og til þess fallin að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni. Varðandi endurreisn greinarinnar í skýrslunni skiptir miklu máli sú viðurkenning matvælaráðherra á að núverandi fyrirkomulag sem starfað hefur verið eftir sé óviðunandi og að bæta verði úr þeim hindrunum á framgangi kræklingaræktar að útvista greiningum sýna til erlendra aðila.<sup>4</sup>

Eftir fund matvælaráðherra og fulltrúa Skelræktar í maí síðastliðnum, var hafist handa við að koma á fót óformlegum samráðshópi um skeldýrarækt til þess að ræða og leita lausna á þeim vandamálum sem skeldýrarækt, og þá einkum kræklingarækt, á Íslandi hefur staðið fyrir og hefur gert út um starfsemina að óbreyttu. Í samráðshópinn komu saman fulltrúar helstu eftirlitsstofnana og hagsmunaaðila frá Matvælastofnun, Matís, Hafrannsóknarstofnun, Skelrækt, Vestfjarðastofu og Reykhólahreppi með óbeinni aðkomu fulltrúa frá Matvælaráðuneytinu til

<sup>1</sup> <https://www.bbl.is/skodun/lesendaryni/thegar-sett-eru-log-um-starfsemi-sem-i-raun-fela-i-ser-bann>

<sup>2</sup> <https://www.bb.is/2024/09/skelfiskraektun-og-vinnsla/>

<sup>3</sup> <https://www.althingi.is/altext/154/s/1302.html>

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/2220.pdf>

áheyrnar. Hefur samráðshópurinn fundað reglulega frá og með vori og unnið í góðu og skilvirkum samstarfi að lausn brýnustu vandamála greinarinnar svo unnt verði að endurreisa kræklingarækt á Íslandi.

Samráðshópurinn hefur farið yfir áskoranir og hindranir kræklingaræktar á Íslandi og metið hvaða málafni eru nú brýnust til þess að endurvekja greinina og byggja upp samhliða stefnumótun stjórnvalda og frekari mótun verklagsreglna með birtingu reglugerðar og samþættingu starfsemi eftirlitsstofnana. Mikilvægustu úrlausnarefnin nú til þess að hefja megi framleiðslu og koma íslenskum krækling á markað eru annars vegar að tryggja að greining skeldýraaeiturs í sýnum af kræklingi fari fram hérlendis og niðurstöður greiningar berist innan sólarhrings og hins vegar að mælingar á skelfiskeitri í uppskeru verði fjármagnaðar með opinberu fé úr ríkissjóði næstu ár til þess að byggja upp starfsemina og tryggja samkeppnishæfni innlendra ræktenda. Samráðshópurinn hefur lagt fram eftirfarandi kostnaðaráætlun um fjárþörf kræklingarræktar úr ríkissjóði fyrir næsta ár og sem er grundvöllur beiðnar sem við undirrituð leggjum fram fyrir fjárlaganefnd Alþingis um fjárframlög úr ríkissjóði til þess að endurvekja og byggja upp kræklingarækt á Íslandi.

## Beiðni um fjárframlög til kræklingaræktar árið 2025

### Framlagðir og sundurliðaðir kostnaðarliðir

Liður	Fjöldi sýna/ eftirlits	Kostnaður per sýni/eftirlit	Fjárhæð í kr.
<b>Með kaupum á nýju greiningartæki og innlendra sýnagreiningu</b>			
Kaup á greiningartæki DSP og PSP til Matís			48.000.000*
Greiningar á DSP og PSP í bláskel hjá Matís	100	220.000	22.000.000
Heilnæmisúttekt á innanverðum Breiðafirði			4.500.000
Eftirlitskostnaður opinberra vöktunaraðila með sýnatöku ræktenda	2x per ræktanda 3 ræktendur	250.000	1.500.000
Framlög til Skelræktar, hagsmunasamtaka ræktenda			10.000.000
		<b>Samtals:</b>	<b>86.000.000</b>

\* Nýtt greiningartæki til Matís myndi einnig nýtast 50% til annarra sýnagreininga en eitrunar í kræklingi.

### Skýringar og forsendur beiðnar um fjárframlög úr ríkissjóði

Hér að neðan eru tilgreindar forsendur einstakra kostnaðarliða vegna ofangreindrar beiðnar til fjárlaganefndar um fjárframlög úr ríkissjóði til kræklingaræktar fyrir árið 2025 að heildarfjárhæð kr. 86.000.000,-.

## 1. Kaup á greiningartæki DSP og PSP til Matís (Innlend sýnagreining)

Grundvallar forsenda þess að unnt verði að greina sýni innanlands með tilliti til skelfiskeiturs og tryggja skjót skil á niðurstöðum greiningar eru kaup á nýju greiningartæki til Matís. Greiningartækið myndi greina bæði DSP og PSP skelfiskeitrun í sýnum og skima fyrir ASP í samræmi við kröfur matvælaeftirlits innan evrópska efnahagssvæðisins. Fulltrúar frá Matís hafa þegar fengið verðtilboð í tæki að gerð Altis Plus Triple Quad sem uppfyllir öll skilyrði greiningar skelfiskeiturs, að upphæð kr. 48.000.000,- (DKK. 2.378.628,72,-) og miðast beiðni um fjárframlag við það. Greiningartækið myndi nýtast um 50% til greininga á eiturefnum í krækling og um 50% til annarra greininga í þágu matvælaeftirlits og myndi þar með styrkja til muna rannsóknargetu stofnunarinnar. Með kaupum á nýju greiningartæki til Matís væri hægt að skila niðurstöðum greininga á skelfiskeitri innan sólarhrings frá móttöku sýnis í stað fimm daga að jafnaði eins og staðan er nú með greiningu sýna erlendis. Myndi það stórbæta rekstarumhverfi kræklingaræktar og tryggja fyrirsjáanleika til uppskeru (sjá nánar í viðauka).

## 2. Greiningar á DSP og PSP í bláskel hjá Matís (Kostnaðarpáttaka ríkis)

Ein helsta hindrun þess að byggja upp kræklingarækt á Íslandi eru þær kröfur um að ræktendur greiði sjálfir fyrir allan kostnað af sýnatöku og greiningu þeirra til að fá uppskeruheimildir ólíkt því sem almennt viðgengst í nágrannaríkjum þar sem hið opinbera tekur ýmist allan kostnað af sýnagreiningum eða hluta hans með niðurgreiddu föstu sýnagreiningargjaldi framleiðenda. Fyrirtæki í skelrækt eru í raun sprotafyrirtæki sem starfa að nýsköpun og munu bera byrðar þess að byggja upp greinina. Á fyrstu árum þeirra er framleiðsla lítil og þau þurfa að aðlaga starfsemi sína að aðstæðum á hverju svæði. Meðan ræktendur voru í starfsemi kostaði hver greining sýna um 100-150 þúsund krónur á þeim tíma og þarfir hvers framleiðanda þá voru um 25-30 sýni á ári.

Fyrir sprotafyrirtæki verður greiningarkostnaður á skelfiskseitri mjög hátt hlutfall af verðmæti hvernar uppskeru og bætist við aðrar byrðar þess að byggja upp greinina. Samkvæmt lögum ber hinu opinbera að sjá um eftirlit með skelfiskeitri í afurðum sem ætlaðar eru til neyslu og er þetta hlutverk yfirleitt fjármagnað af hinu opinbera hjá nágrannapjóðum okkar. Það er því lagt til að svo verði einnig á Íslandi.

Áætlanir um 100 sýni í framlagðri kostnaðaráætlun miðast við það sem þarf til faggildingar innlends sýnagreiningartækis DSP og PSP og við þarfir þeirra þriggja framleiðenda (Nesskel/Icelandic Mussel Company, Hvammsskel og Þórisbólmi) sem hafið gætu ræktun á næsta ári (75 sýni) auk 25 sýna í þágu almannöryggis. Fulltrúar frá Matís hafa metið kostnað við greiningu hvers sýnis innanlands með nýju greiningartæki um 220 þúsund krónur en innifalið í því kostnaðarmati er uppsetning og rekstrarkostnaður nýs greiningartækis auk starfsmanna-kostnaðar við sýnatökur.

Er því óskað eftir í samræmi við þarfir sýnatöku og kostnaðarmat Matís um fjárframlög næsta árs upp á kr. 22.000.000,- í samræmi við tillögur samráðshóps ráðuneytis um kræklingarækt frá 2008 um opinbera fjármögnun til uppbyggingar greinarinnar (sjá nánar í viðauka). Með fjármögnun ríkis á greiningu þörungaeiturs í kræklingasýnum er það einnig tryggt að niðurstöður þeirra verði

opinberar og aðgengilegar almenningi sem hyggst tína krækling í fjörum landsins og tryggi þannig almannaöryggi. Eins og framkvæmd hefur hingað til verið háttáð teljast niðurstöður sýna frá ræktendum vera eign ræktenda sjálfra og birting þeirra óheimil án samþykkis þótt slíkt hafi verið gert, en þessi gögn hafa verið nær þau einu sem almenningur gat treyst á við tínslu á krækling. Nú, þegar engin ræktun á sér stað eru engin slík gögn fyrir hendi og varðar sú óvissa verulega almannahagsmuni.

### 3. Heilnæmisúttekt á innanverðum Breiðafirði

Ein af tillögum samráðshópsins frá 2008 voru að leggja til við ráðherra tiltekin svæði sem yrðu heilnæmiskönnuð með opinberri fjármögnum. Sem stendur eru þrjú fyrirtæki sem gætu hafið kræklingarækt á næsta ári og staðið undir ræktun á 200-250 tonnum fyrir árið 2025 með tvöföldun framleiðslu að lágmarki hvert ár þar á eftir. Umrædd fyrirtæki eru öll með ræktunarsvæði við innanverðan Breiðafjörð þar sem eru kjöraðstæður til ræktunar á krækling vegna magns þörungasvifa, grunnsævis og hreinleika sjávar. Að mati fulltrúa Matvælastofnunar þyrfti til slíkrar heilnæmiskönnunar sem tæki yfir heilt strandsvæði, að hafa fjóra sýnatökupunkta þar sem sýni yrðu tekin reglulega yfir heilt ár til að greina mengun í hafi og er kostnaður þess metin á kr. 4.500.000,-. Þær heilnæmiskannanir sem framkvæmdar hafa verið í Breiðafirði ná aðeins yfir afmörkuð svæði þar sem ræktunarleyfi voru áður gefin út. Heilnæmiskönnun fyrir innanverðan Breiðafjörð í heild sinni ásamt greiningu sýna innanlands með kostnaðarpáttöku ríkis myndi opna á heilt strandsvæði til umsókna tilrauna- og/eða ræktunarleyfa kræklingaræktar án aukins kostnaðar ræktenda fyrir hvert fyrirhugað og afmarkað ræktunarsvæði. Væri það til þess fallið að leggja grundvöll að atvinnusköpun, fjárfestingum og uppbyggingu á strandsvæðum og byggðum sem hafa ekki aðstöðu til þess að stunda hefðbundna útgerð og hafa sumar verið skilgreindar sem brothættar byggðir.

### 4. Eftirlitskostnaður opinberra aðila með sýnatöku ræktenda

Þar sem ræktendur sjálfir sinna sýnatöku á sjósýnum og kræklingasýnum fyrir uppskeruheimildir og senda sýni til greiningar er mikilvægt að tryggja rétta framkvæmd sýnatöku þar sem framkvæmdin getur skipt sköpum upp á nákvæmni, öryggi og réttar niðurstöður. Er því mikilvægt að tryggja opinbert eftirlit og eftirfylgni með sýnatöku ræktenda. Að mati fulltrúa Hafrannsóknarstofnunar, hvers sérfræðingar væru best til þess fallnir að hafa eftirlit með sýnatöku vegna reynslu og þekkingar á töku sjósýna, myndi hver eftirlitsferð til ræktanda með siglingu út á ræktunarsvæði kosta um 250 þúsund krónur. Þörf væri á tveimur eftirlitsferðum til hvers ræktanda að lágmarki yfir uppskerutíma á ári til leiðbeininga, eftirlits og eftirfylgni og miðað við þá þrjú framleiðendur sem gætu nú hafið ræktun er óskað fjárframlaga fyrir þennan lið að fjárhæð kr. 1.500.000,-.

### 5. Framlög til Skelræktar, hagsmunasamtaka ræktenda

Þegar að kræklingarækt hófst upp úr aldamótum voru hagsmunasamtök ræktenda, Skelrækt, félagasamtök, kt. 580602-4502, stofnuð til þess að starfa að framgangi og upplýsingamiðlun

greinarinnar og starfa með stjórnvöldum að stefnumótun. Á fyrstu árum skeldýraræktar komu samtökin með beinum hætti að mótun lagafrumvarps um skeldýrarækt og samráði við stjórnvöld og hefur mikil þekking á greininni safnast upp hjá ræktendum sem eiga og hafa átt aðild að samtökum. Nú þegar vonir standa til að unnt verði að endurvekja kræklingarækt með opinberum stuðningi og fjárframlögum huga margir fyrrum ræktendur að endurkomu. Fyrirhuguð er stefnumótun matvælaráðuneytis á málefnum skeldýraræktar. Eðlilegt og mikilvægt er að Skelrækt eigi aðild og aðkomu að þeirri vinnu og geti staðið undir þeim kostnaði sem því fylgir. Samtökin fengu til ársins 2013 greiddar fimm milljónir úr ríkissjóði ár hvert til að standa straum af rekstri, upplýsingamiðlun, aðkeyptri ráðgjöf og starfsmanni í hlutastarfi til að vinna að málefnum skeldýraræktenda. Að teknu tilliti til aukningar á verðlagi og launakostnaði að áratugi liðnum er hér óskað eftir fjárframlögum til Skelræktar að fjárhæð kr. 10.000.000,- til þess að samtökin geti starfað á skilvirkan hátt með stjórnvöldum að stefnumótun og uppbyggingu skeldýraræktar eins og áður var.

### Tækifæri til endurreisnar kræklingaræktar á Íslandi

Ljóst er að ef vilji er til að byggja upp ræktun skeldýra á Íslandi er þörf á opinberum stuðningi og að stjórnvöld, eftirlitsstofnanir og hagsmunaaðilar starfi náið saman að mótun og uppbyggingu greinarinnar. Með fjárhagslegum stuðningi stjórnvalda til að bregðast við þeim brýnu áskorunum sem staðið hafa í vegi fyrir framgöngu skeldýraræktar til þessa, ásamt væntri stefnumótun Matvælaráðuneytisins, standa nú vonir til þess að unnt verði að endurreisna og byggja upp kræklingarækt á Íslandi sem eina af undirstöðu-atvinnugreinum í strandbyggðum víða um land.

Með þeim væntingum og að fengnum tillögum samráðshópsins leggjum við undirrituð, fulltrúar sveitarfélaga, landshlutasamtaka, skelræktenda og Matís fram ofangreinda beiðni um fjárframlög úr ríkissjóði fyrir næsta ár. Sérfræðingar frá Matvælastofnun og Hafrannsóknarstofnun veita undirritun sína vegna þeirrar ráðgjafar sem var veitt við vinnslu þessa minnisblaðs. Óskum við sem stöndum að baki þessu minnisblaði eftir liðsinni fjárlaganefndar til að endurreisa kræklingarækt á Íslandi og vonum að nefndin fjalli um mikilvægi þessa í nefndaráliti sínu.

Fulltrúar eftirfarandi landshlutasamtaka, sveitarfélaga og hagsmunaaðila staðfesta hér með aðild sína að þessu minnisblaði til fjárlaganefndar Alþingis um fjárframlög úr ríkissjóði árið 2025 til endurreisnar kræklingaræktar á Íslandi:

Skelrækt, félagasamtök; Matís ehf; Vestfjarðastofa; Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi; Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra; Reykhólahreppur; Dalabyggð; Sveitarfélagið Stykkishólmur; Kjósarhreppur Ísafjarðarbær; Bolungarvíkurkaupstaður; Súðavíkurhreppur; Kaldrananeshreppur; Strandabyggð; Vesturbyggð; Árneshreppur; Húnaþing vestra; Skagafjörður; Fjallabyggð; Múlaþing; Vopnafjarðarhreppur; Icelandic Mussel Company ehf; Nesskel ehf; Hvammsskel ehf; Þórishólmi ehf; ST2 ehf; Fjarðarskel ehf.

Sérfræðingar frá Matvælastofnun og Hafrannsóknarstofnun veita undirritun sína vegna veittrar ráðgjafar.

Undirskriftir